

Umhverfisráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 29. júlí 2025

Umsögn Landverndar um drög að skýrslu til Árórsarsamningsins

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér drögin og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í fyrsta lagi vill Landvernd koma á framfæri að málefni Árórsarsamningsins þurfi að vera ofar á forgangsroðunarlista ráðuneytisins. Það er ekki gott að drög að skýrslu sem skila átti 25. febrúar síðastliðinn komi inn á samráðsgátt 2. júní. Samkvæmt leiðbeiningum skrifstofu sáttmálans hefði samráðið átt að byrja fyrir rúmu ári síðan en ekki í janúar líkt og hér er um að ræða.

Landvernd er mjög ánægð með að sjá að Grænfáninn er nefndur og vill einnig taka fram að samtökin myndu gjarnan vilja efla frekar starfsemi grænfánans í samstarfi við ráðuneytið.

Þá gerir Landvernd athugasemd við að því sé haldið fram að umhverfisþing hafi verið haldið á tveggja ára fresti, óslitið frá 1999 en þingið var haldið 2021 og svo næst 2024 eins og í raun kemur fram í skjalinu.

Landvernd vill einnig benda á að í skjalinu kemur fram að umhverfissamtök geti sótt annars vegar rekstrarstyrk og hins vegar verkefnastyrk til ráðuneytisins. Verkefnastyrkirnir hafa hins vegar verið afnumdir en komið fyrir í loftslags- og orkusjóði, sem hafa ekki eins víðan ramma og verkefnastyrkir ráðuneytisins höfðu en þar er einblínt á loftslags og hringrásarmál en önnur umhverfismál ekki. Því hafa tækifæri almenningssamtaka til að sækja sér styrki dregist saman þrátt fyrir að stefnt sé að því að hækka rekstrarstyrkina. Þá eru einnig til einstaklingar og samtök sem hafa fengið styrki til umhverfisverkefna áður sem ekki uppfylla kröfur um þágu rekstrarstyrkja.

Varðandi rétt almenningssamtöku til þátttöku í ákvarðanatöku lýsa samtökin yfir áhyggjum af styttri umsagnarfrestum en yfirstrikað er í skjalinu að umsagnarfrestur sé að minnsta kosti þrjár vikur og sex vikur í umfangsmiklum málum. Þá er tekið fram á blaðsíðu 25 að fresturinn sé tvær til fjórar vikur.

Þá er einnig á þingi frumvarp þar sem hægt er að gefa út bráðabirgðaframkvæmdaleyfi fyrir virkjanir og er mjög óljóst hvernig slíkt bráðabirgðaleyfi rímar við ákvæði Árórsarsáttmálans og hvernig gæta skuli að ríkri þátttöku almenningssamtöku. Þá setur lagasetningin mjög hættulegt fordæmi þar sem iðulega er rætt um „Hvammsvirkjunarfrumvarpið“ eða frumvarpið sem mótað er til þess að „eyða óvissunni um Hvammsvirkjun“ þar sem yfirstandandi er dómsmál um framkvæmdina þar sem almenningur á í hlut. Það er í mikilli andstöðu við Árórsarsáttmálann að hafa við slíka orðræðu um mál þar sem almenningur leitar réttar síns á sviði umhverfismála.

Að lokum vill Landvernd lýsa yfir ánægju með að fram komi að ráðuneytið skoði frekari aðgerðir til að fullgilda grein 9 um aðild að dómstólum og mun fylgja þeirri vinnu fast eftir.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir

Formaður